

Hundakúnstir

Seinni hluti

Þú finnur svörin á bls. 19 – 24

Af hverju hrósaði mamma pabba og sagði að hann hefði valið góðan hvolp?

Hvar svaf Emma fyrst?

- ☐ Í þvottahúsinu.
- ☐ Uppi í rúmi hjá Nönnu.
- ☐ Á teppi neðan við rúmið hennar Nönnu.



Í kaflanum segir: *Svo byrjaði ballið.* Hvað er átt við með því?

Ef þú ættir hund hvað myndi hann heita? _____

Nafn _____

Pabbi Nönnu bjó til bæli fyrir Emmu. Hvað merkir orðið *bæli*?



Merktu við rétta fullyrðingu

- ☐ Emma steinsofnaði í þvottahúsinu og hraut hátt alla nóttina.
- ☐ Emma vildi ekki sofa ein og vældi þegar pabbi fór frá henni.
- ☐ Emma vildi bara sofa hjá Nönnu og vældi þar til pabbi fór með hana upp.

Þú finnur svörin á bls. 25 – 27

Hvað voru foreldrar Nönnu sammála um

að kunna ekkert á?

- ☐ börn
- ☐ fótbolta
- ☐ hunda



Hvers vegna varð Nanna svona reið við foreldra sína? _____

Hver kom með lausn á hundamálinu og hver var lausnin? _____

Hvað hét hundaskólinn sem Emma og Nanna fóru í? _____

Þú finnur svörin á bls. 28 – 30

Hvar var hundaskólinn? _____

Hvernig hús er *skemma*?

- ☐ Hús sem liggur undir skemmdum.
- ☐ Hús sem liggur að hluta til neðanjarðar.
- ☐ Geymsluhús, oftast frekar stórt.



Hver var maðurinn sem kom og heilsaði Emmu og Nönnu? _____

Þú finnur svörin á bls. 31 – 35

Hvað merkir *að taka á rás*?

- ☐ Að velja rás í útvarpi.
- ☐ Að fela sig.
- ☐ Að hlaupa af stað.



Af hverju ætli Emma hafi tekið á rás? _____

Hvað merkir *að lítast ekki á blikuna*?

- ☐ Að finnast ástandið ekki gott.
- ☐ Að sýnast veðrið vera að breytast.
- ☐ Að skipta ört um skoðun.

Þú finnur svörin á bls. 36 – 39

Ekkert bólaði á hvolpinum. Við hvað er átt?

- ☐ Hvolpurinn var með grænar bólur.
- ☐ Hvolpurinn var á bólakafi í vatni.
- ☐ Hvolpurinn sást hvergi.
- ☐ Hvolpurinn galti ekkert.



Nanna var að skrifa dagbók eftir einn tímann hjá Hafliða en Emma komst í bókina og nagaði hana. Hjálpaðu Nönnu að koma orðunum á réttan stað.

Í _____ átti Emma að læra að _____.

Það gekk því miður frekar _____ . Emma vildi miklu frekar

_____ um og leika sér. Hún _____

svo mikið að hinir hundarnir fóru líka að gelta. Síðan hoppaði hún upp

á _____ og _____. Þá varð Hafliði

_____ og sagði að Emma væri _____ hundur.

galti – hlýða – reiður – hlaupa – óþekkur – stól – illa – dag – kúkaði

